

**Ed.**

**842. Frumvarp til laga**

[420. mál]

um breyting á lögum nr. 54 6. apríl 1971, um Innheimtustofnun sveitarfélaga, sbr. lög nr. 41 6. maí 1986.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986–87.)

1. gr.

Aftan við 3. mgr. 5. gr. laganna bætist:

Stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga er heimilt að víkja frá þessari dráttarvaxtatöku ef um sérstaka félagslega erfiðleika er að ræða hjá skuldara. Nánari ákvæði um þetta atriði skulu sett í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

A t h u g a s e m d i r v i ð l a g a f r u m v a r p þ e t t a .

Í lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 54/1971, sbr. lög nr. 41/1986, er að finna strangar sérreglur sem gilda um innheimtu meðlagsskulda svo sem forgang stofnunarinnar varðandi kröfur í laun skuldara. Einnig má nefna að krafa um innheimtu meðlagsfyrnist ekki né lögtaksrétturinn.

Í lögunum frá 1971 er heimild til handa Innheimtustofnuninni til að taka 7% ársvexti af meðlagsskröfu frá gjalddaga til greiðsludags ef um vanskil af hendi barnsföður er að ræða. Með lögum nr. 41/1986 var ákveðið að ef meðlagsskyldur barnsfaðir greiddi ekki meðlag innan eins mánaðar frá gjalddaga skyldi hann greiða dráttarvexti af því sem gjaldfallið væri og skyldu þeir vera þeir sömu og hjá innlánsstofnunum samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands. Þessir dráttarvextir eru nú 2,25% á mánuði og byrjaði Innheimtustofnunin að reikna þá frá 1. júlí 1986. Frá þeim tíma hefur beiðnum um lækkun eða niðurfellingu meðlagsskulda farið ört fjölgandi enda hefur vanskilavaxtatakan gert meðlagsskuldurum miklu erfiðara fyrir en áður var með að standa í skilum. Erindum einstakra meðlagsskuldara um lækkun eða niðurfellingu meðlagsskulda hefur stjórn Innheimtustofnunarinnar synjað með vísan til heimildarskorts samkvæmt lögum um stofnunina.

Til að bæta úr þeim heimildarskorti er lagt til í frumvarpi þessu að sett verði í löginn heimildarákvæði þar sem gert er ráð fyrir sveigjanleika gagnvart meðlagsskuldara ef hann á við félagslega erfiðleika að stríða, svo sem ónógar tekjur, skerta starfsorku, mikla greiðslubyrði o.s.frv. Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir að nánari ákvæði um þetta atriði verði sett í reglugerð.